

**Ed.**

**238. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um mótak.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um, að full þörf sje á að greitt sje fyrir því, að menn geti tálmalaustr aflað sjer eldsneytis nú i eldiviðarskortinum, og telur því frv. fara í rjetta átt.

Hins vegar verður að hafa það hugfast, að slík valdboð gangi ekki of nærri eignarrjetti manna, en það gerir frv., eins og það nú er orðað, þar sem það heimilar fult mónám á jörð, hvar sem er og hvernig sem á stendur. Er enginn vafi á, að það geti orðið til að fella sumar jarðir tilfínnanlega í verði, ef mótak þeirra er upp urið, og ætti þá að bæta verðfallið upp eftir mati. Þar sem nú frv. miðar gjald fyrir mótak við frjálsa sölu síðasta ár, er eigi unt að taka tillit til slíks verðfalls, og þar sem mótekjuleyfi á mólitlum jörðum hlyti oft að verða svo dýrt, að mótaka þar svaraði ekki kostnaði, hefir nefndin talið rjett að láta heimild til mótekju að eins ná til jarða, er hafa mó aflögu, að mati hreppsnefndar.

Samkvæmt framangreindu ræður nefndin hæstv. deild til að samþykkja frv. með svo látandi

## BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr.
  - a. Í stað orðanna: »Nú á einhver — mótak er í« í fyrri málsg. komi:  
Nú á maður eða hefir umráð á landi, þar sem mótak er aflögu.
  - b. Á eftir orðunum: »er óskar mótaks, um,« í síðari málsg. komi:  
hvort hinn fyrnefndi hafi mótak aflögu og
2. Við 3. gr.  
Í stað orðanna: »eftir mati — kveður til þess« komi:  
eftir mati sömu manna.

Alþingi, 27. maí 1918.

Guðjón Guðlaugsson,  
formaður.

Jóh. Jóhannesson,  
fundaskr.

Magnús Torfason,  
ritari.